

**Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar  
nr. 75/1999**

**frá 28. maí 1999**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/1999 frá 30. apríl 1999<sup>(1)</sup>.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 649/98 frá 23. mars 1998 um breytingu á viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2309/93<sup>(2)</sup> (um málsmeðferð bandalagsins við veitingu leyfa fyrir lyfjum sem ætluð eru mönnum og dýrum og eftirlit með þeim og um stofnun Lyfjamálastofnunar Evrópu) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við í lið 15g (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2309/93) í XIII kafla II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **398 R 0649:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 649/98 frá 23. mars 1998 (Stjtið. EB L 88, 24.3.1998, bls. 7).“

*2. gr.*

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 649/98 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. maí 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. maí 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

**F. Barbato**

formaður

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L. 284, 9.11.2000, bls. 6 og EES-viðbætur við

Stjtið. EB nr. 50, 9.11.2000, bls. 18.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 88, 24.3.1998, bls. 7.